

Fundargerð skólaráðs Akurskóla

Fundur haldinn í Akurskóla Dalsbraut 6. desember 2017 klukkan 16:00-17:20

Mættir: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri, Gróa Axelsdóttir aðstoðarskólastjóri, Katrín Jóna Ólafsdóttir og Elísabet Kjartansdóttir fulltrúar kennara. Ósk Benediksdóttir fulltrúi starfsfólks. Kristín Þóra Möller og Guðrún M. Þorgeirsdóttir fulltrúar foreldra. Hlynur Vilhjálmsson fulltrúar nemanda og Guðmunda Lára Guðmundsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins. Guðbjörg Þorvaldsdóttir fulltrúi nemenda boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1.mál Niðurstöður skimana.
- 2.mál Niðurstöður samræmda prófa.
- 3.mál Framgangur umbótaáætlana.
- 4.mál Önnur mál.

Skólastjóri setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1.mál Niðurstöður skimana.

- Sigurbjörg fór yfir skimanir sem framkvæmdar hafa verði á haustönn.
- Mjög góðar niðurstöður í 6.bekk í logos, þær bestu sem komið hafa.
- Lesfimi á vegum MMS er lögð fyrir alla bekkir í september, janúar og maí. Fyrst lagt fyrir í janúar 2017.
- Rætt var um áhuga nemenda á lestri, hvað við getum gert til að auka hann og ánægju af lestrinum.

2.mál Niðurstöður samræmda prófa.

- Samræmd könnunarpróf voru í september hjá 4. og 7.bekk. Niðurstöður í 4.bekk eru þær bestu sem hafa komið í Akurskóla bæði í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður í 7.bekk voru mjög góðar í stærðfræði en ekki eins góðar í íslensku.

3.mál Framgangur umbótaáætlunar.

- Sigurbjörg fór áherslu atriði í umbótaáætluninni.
- Árangur í námi fer batnandi,
- Frístundaskólinn er á uppleið, ánægja, skipulagðara, fjölbreyttara.
- Heilsuefling starfsmanna, vítamín á boðstólum, losum viðveru, gönguferð í vetur, nýir skrifborðsstólar o.fl. Lífshlaupið í vetur sem vonandi hefur áhrif að drífa fólk af stað. Fengum mannauðsstjóra til að vera með fyrirlestur um vinnuna og gleðina, tveir sálfræðingar hafa komið frá sálfræðistofunni Af líf og sál og verið með fyrirlestra um álagsmikið starf og sorg í nærumhverfi.

- Uppbyggingarstefnan á fullri ferð.

4.mál Önnur mál.

- Sigurbjörg sagði frá kennslurýni sem er hafið hjá okkur. Þar fara stjórnendur inn í rými og fylgjumst með kennslustund kennarans og að lokum farið yfir með kennaranum.
- Fulltrúi foreldra hrósaði stjórnendum fyrir gott starf.
- Danskur farandkennari er búinn að vera hjá okkur í 6 vikur. Gekk vel og mikil ánægja frá kennurum og nemendum.
- Lára spyr út í keyrslu á nemendum úr Dalsbraut á Tjarnarbraut í íþróttir og sund. Hvernig gengur? Gengur ágætlega en þarf að passa betur upp á rútuferðirnar þ.e. tímasetningar.
- Lára spyr út í framhaldið á Dalsbraut á næsta skólaári. Sigurbjörg fór yfir að hér verði nýr skólastjóri næsta skólaárs og stækkað verði um eina einingu.
- Hlynur fulltrúi kennara fór yfir það hversu margir nemendur eru farnir að tala ensku í skólanum. Hann langar að spyrja út í hvort eitthvað er hægt að gera í sambandi við það. Starfsmenn þurfa að vera duglegri að minna nemendur á að tala íslensku.
- Sigurbjörg sýndi svo stofurnar við Dalsbraut.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17:20.

Fundargerð þessa ritaði
Gróa Axelsdóttir
Aðstoðarskólastjóri Akurskóla